

Mál nr. 157/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2022.
3. Bréf lögmanns M dags. 16. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir vinnuslysi þann 21. desember 2018 og var launþegatrygging til staðar hjá sveitarfélaginu X. Lögfræðingur M hafði samband við V í tölvupósti þann 12. maí 2021 ásamt því að senda félaginu tjonstilkynningu og umboð. Í tölvupóstinum fór lögmaður M fram á það við V að vegna sérstakra aðstæðna myndi félagið ekki bera fyrir sig tilkynningarfrest, sbr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Með bréfi dags. 31. maí 2021 upplýsti V um afstöðu sína sem var sú að atvikið væri ekki bótaskyld úr slysáttryggingu launþega hjá sveitarfélaginu X þar sem tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hefði verið runninn út áður en tilkynning M barst V. M telur að ársfrestur sem ákvæði 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 áskilur hafi ekki verið liðinn þar sem tjonstilkynningin dags. 11. maí 2021 hafi verið komin fram innan árs frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans er reist á, auk þess sem félagið hafi virt að vettugi þær sérstöku aðstæður sem urðu í kjölfar slyssins. Vísar M til fyrirbyggjandi sjúkrasögu sinnar þar sem fram kemur að hann hafi legið meira og minna inni á sjúkrastofnunum árin 2019 og 2020 vegna alvarlegra veikinda og hafið einkenni hans vegna axlaráverka fallið í skuggann á öðrum veikindum. Að mati M hafði hann raunverulega ástæðu til þess að ætla að hann myndi ná fullum bata, hvort sem það var mánuðina eftir slys með sjúkrahjálfun eða löngu eftir slys með aðgerð eða annarri meðferð. Það hafi í fyrsta lagi verið haustið 2020 þegar í ljós kom að M gæti ekki gengist undir gerviliðsaðgerð sem hann gerði sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Vísar M til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð dags. 9. desember 2021 er stöðugleikatímamark talið vera þann 21. desember 2020 en það tímamark geti gefið vísbendingu um hvenær M mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 7/2009 og 10/2015 og dóms Landsréttar í máli nr. 813/2019.

V vísar til þess að þó M hafi þjáðst af öðrum veikindum á tímabili í kjölfar slyssins leysir það hann ekki undan skyldu sinni til þess að tilkynna tjón sitt innan tímamarka 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Af sjúkragögnum megi sjá að öxlin og slysið hafi komið reglulega til umræðu hjá læknum. M hafi verið með viðvarandi verki og mjög skerta hreyfigetu í öxlinni. Telur V að M hafi í síðasta lagi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum áverka sinna þann 18. febrúar 2020, þegar álit bæklunarlæknis á því að M þarfnadist gerviliðsaðgerðar lá fyrir.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr slysáttryggingu launþega, sem vinnuveitandi hans var með hjá X, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests. Samkvæmt ákvæðinu, glatar sá sem á rétt til bóta skv. slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjonþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ráðið að M bjó við einkenni frá öxlinni allt frá slysdegi. Taka má undir með M að axlareinkenni hans hafa án efa fallið í skugga annarra veikinda sem hann bjó við eftir slysið og leiddu til endurtekinna innlagna á sjúkrahöfnum á árunum 2019 og 2020. Það er hins vegar ekki unnt að líta framhjá komu hans til bæklunarlæknis þann 18. febrúar 2020 en samkvæmt læknabréfi bæklunarlæknisins til heimilislæknis er ljóst að ástand axlarinnar var ekki gott, M hafði viðvarandi óþægindi og mikla hreyfiskerðingu. Verður ekki séð að bæklunarlæknir hafi lofað M fullum bata með gerviliðsaðgerð. Fær það stuðning í fyrirliggjandi matsgerð þar sem fram kemur að bæklunarlækninum hafi verið ljóst í febrúar 2020 að M bjó við varanleg einkenni vegna afleiðinga slyssins. Með vísan til þessa verður að telja að upphaf tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið 18. febrúar 2020 en þá hafi M fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Var umræddur frestur því runninn út þegar M tilkynnti V um tjón sitt og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir